

AUGLÝSING

um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum.

1. gr.

Skylt er að hafa gjaldmæli, sem sýni rétt ökugjald, í öllum leigubifreiðum allt að 8 farþega, svo og sendibifreiðum, er aka gegn borgun, á þeim stöðum þar sem í gildi eru reglugerðir um takmörkun þeirra og útgáfu atvinnuleyfa eða ákvæði um akstur frá viðurkenndri afgreiðslustöð.

Ofanritað á einnig við um slíkar bifreiðar á öðrum stöðum en greinir í 1. mgr., enda njóti eigendur þeirra ívilnana í tolli, samkvæmt reglum settum með stöð í 41. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., studdri sérstökum meðmælum viðkomandi bæjarstjórnar eða sýslunefndar.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota skuli gjaldmæla af rafeindagerð framleidda af Haldex AB í Svíþjóð, Öryrkjabandalagi Íslands og Novax á Nýja Sjálandi.

2. gr.

Ráðuneytið skipar löggildingarmenn gjaldmæla, sem annast löggildingarstörf samkvæmt gildandi reglugerð um slíka mæla og fást upplýsingar um þá í ráðuneytinu.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í reglugerð nr. 136/1986 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt afturkallast auglýsing ráðuneytisins nr. 235 15. apríl 1980 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 24. febrúar 1986.

F. h. r.

Halldór S. Kristjánsson.

Sigurður Skúli Bergsson.

REGLUR

um skipsbækur.

1. gr.

Öll skip skulu halda leiðarbók, nema fiskiskip og skip, sem vinna að sérstökum og staðbundnum verkefnum, svo sem sanddæluskip og dýpkunarskip. Þau skip, sem eigi er skylt að halda leiðarbók samkvæmt framansögðu, skulu halda dagbók, séu þau tólf rúmlestir og stærri.

Öll skip, sem skylt er að halda leiðarbók eða dagbók, skulu auk þess halda vélarbók.

Um fjarskiptabækur fer eftir ákvæðum í reglum um radióbúnað og fjarskipti á skipum nr. 813/1981 ásamt öðrum þeim sérákvæðum, sem sett kunna að verða um það efni.

2. gr.

Gerð skipsbóka skal viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins, sem fylgist með því að skipsbækur séu fánlegar.